

Fréttatilkynning frá Þjóðskjalasafni

Elsta manntal tekið á Íslandi komið á skrá UNESCO yfir *Minni heimsins*

Á síðasta ári lagði Þjóðskjalasafn Íslands inn umsókn hjá UNESCO þess efnis að fyrsta manntal tekið á Íslandi, árið 1703, yrði skráð á lista Sameinuðu þjóðanna yfir *Minni heimsins* (Memory of the World). Á þann lista komast einungis ritaðar menningarminjar, svo sem skjöl, sem hafa þýðingu fyrir allt mannkyn. Á umsóknina hefur verið fallist. Það eru stórkostleg tíðindi og kærkomin viðurkenning á sérstöðu og mikilvægi þessarar einstöku heimildar.

Sérstaða manntalsins 1703 er að það er elsta manntal í heiminum sem varðveist hefur og nær til allra íbúa í heilu landi þar sem getið er nafns, aldurs, heimilisfangs og þjóðfélags- eða atvinnustöðu allra þegnanna. Þessar upplýsingar gera það kleift að greina samfélagsgerð og fjölskyldugerð hér á landi á traustari grunni og af meiri nákvæmni en annars staðar er hægt. Þá er manntalið varðveitt í heild sinni og eykur það gildi þess. Auk þess var skipulagning manntalstökunnar og framkvæmd talningarinnar mikið afrek.

Ákvörðun um töku manntalsins var sprottin af slæmu efnahagsástandi á Íslandi á 17. öld og miklum harðindum í lok aldarinnar. Vegna þessa voru þeir Árni Magnússon prófessor og Páll Vídalín varalögmaður valdir til þess að rannsaka hag landsins og gera tillögur til úrbóta. Meðal verka í þeirri rannsókn var að láta skrá og telja alla landsmenn.

Árni og Páll fólu sýslumönnum að láta hreppstjóra annast skráninguna. Árið 1703 voru hreppar á landinu alls 163 og venjulega voru 3-5 hreppstjórar í hverjum hreppi. Rúmlega fimm hundruð hreppstjórar tóku þátt í þessari einstöku upplýsingasöfnun.

Ljóst er að landsmönnum þótti manntalið óvenjulegt tiltæki. Það vakti mikla athygli og var veturinn 1702-1703 nefndur manntalsvetur. Manntalið er varðveitt úr öllum hreppum en ekki alltaf frá fyrstu hendi. Sums staðar er það varðveitt í afskrift sýslumanns.

Manntalinu var skilað til Árna Magnússonar og Páls Vídalíns á Alþingi í júní 1703 og síðan sent til Kaupmannahafnar. Þar var það varðveitt í skjalasafni rentukammers, síðar í ríkisskjalasafni Dana, þangað til að samið var um flutning þess til Íslands árið 1921. Manntalið var gefið út af Hagstofu Íslands á árunum 1924-1947. Frumrit manntalsins er varðveitt í Þjóðskjalasafni. Stafræn og leitarbær gerð þess er á vefnum www.manntal.is. Í framhaldi af þessari viðurkenningu verður unnið að því að koma stafrænum myndum af frumskjölunum á netið. Þá verður hluti frumskjala sýndur í Þjóðskjalasafni síðar á þessu ári.